

## Ú R S K U R Ð U R

Hinn 28. október 2013 kom dómstóll Skáksambands Íslands saman í húsakynnum sambandsins að Faxafeni 12, Reykjavík og tók fyrir kærumál nr. 5/2013:

Taflfélag Reykjavíkur

gegn

Skákfélaginu GM-Helli

Dóminn skipa:

Halldór Brynjar Halldórsson hdl., Björgvin Jónsson hrl. og Andri Valur Hrólfssoon.

Gögn málsins liggja fyrir en þau eru:

- Nr. 1 Kæra í formi tölvupósts dags. 19. október 2013.
- Nr. 2 Úrskurður mótsstjórnar Íslandsmóts Skákfélaga dags. 17. október 2013.
- Nr. 3 Átta kærur til mótsstjórnar dags. 15. október 2013.
- Nr. 4 Tölvupóstur dags. 22. október 2013.
- Nr. 5 Svar Skákfélagsins GM-Hellis við kærum dags. 16. október 2013.

Þann 19. október 2013 barst dómstólnum kæra sóknaraðila, Taflfélags Reykjavíkur, á úrskurði mótsstjórnar Íslandsmóts Skákfélaga 2013-2014 frá 17. október 2013. Með úrskurðinum var kærum sóknaraðila vísað frá. Eiginleg kröfugerð kemur ekki fram í kæru sóknaraðila til dómstólsins, en skilja verður hana sem svo að krafist sé ógildingar á framangreindum úrskurði mótsstjórnar og að úrslitum í viðureign a-sveitar sóknaraðila við a-sveit varnaraðila Skákfélagsins GM-Hellis verði breytt á þann veg sem krafist var fyrir mótsstjórn, þ.e., sóknaraðila dæmdur 8-0 sigur. Með tölvupósti dags. 22. október 2013 vísaði varnaraðili til röksemda sinna í svörum varnaraðila dags. 16. október 2013.

Með vísan til forsenda og röksemda dómstólsins í máli nr. 3/2013 er það niðurstaða dómstólsins að keppendur sveitar varnaraðila hafi ekki verið ólöglegir í þeirri viðureign sem kæra sóknaraðila lýtur að. Er því kröfum sóknaraðila hafnað.

### Ú r s k u r ð a r o r ð

Kröfum sóknaraðila er hafnað.

  
Halldór Brynjar Halldórsson

  
Björgvin Jónsson

  
Andri Valur Hrólfssoon